

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Bjarni Benediktsson ráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
102 Reykjavík

Reykjavík, 24. ágúst 2022

## Efni: Niðurfelling tolls á frönskum kartöflum

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til fréttar á vef Morgunblaðsins (mbl.is) í dag, 24. ágúst, þar sem vitnað er til fréttatilkynningar Þykkvabæjar ehf., þess efnis að fyrirtækið sé hætt framleiðslu á frönskum kartöflum. Þar með liggur fyrir að franskar kartöflur eru ekki lengur framleiddar á Íslandi.

Undanfarin ár hafa um 95% franskra kartaflna, sem íslenzkir neytendur leggja sér til munns, verið innflutt vara. Við það hefur bætzt að framleiðsla Þykkvabæjar hefur að hluta til verið úr innfluttu hráefni. Á franskar kartöflur leggst 76% tollur samkvæmt tollskrá og er það hæsti prósentutollur á matvöru sem hægt er að finna í tollskránni. Samkvæmt fráverzlunarsamningum við Kanada og Evrópusambandið eru franskar kartöflur fluttar inn á lægri tolli, sem er þó eftir sem áður gífurlega hár, eða 46% og veldur því að neytendur greiða hærra verð fyrir vöruna sem því nemur.

Á árunum 2016 og 2017 voru tollar felldir niður af öllum vörum nema ýmsum búvörum, matvörum og blómum. Stjórnámálamenn hafa réttlætt viðhald þessara tolla með því að eðlilegt sé að vernda innlenda framleiðslu. FA hefur mörg undanfarin ár bent á að ofurtollurinn á franskar kartöflur verndi eitt iðnfyrirtæki (Þykkvabæjar), sem að auki framleiðir vöru sína að hluta til úr innfluttu hráefni. Hefur félagið ítrekað hvatt til þess að tollurinn yrði felldur niður.

Tollurinn á franskar kartöflur er að flestu leyti hliðstæður 59% tolli á kartöflusnakk, sem var í gildi til áramóta 2017. Hann verndaði aðallega eitt fyrirtæki sem framleiddi snakk úr innfluttu hráefni. Alþingi felldi hann engu að síður úr gildi haustið 2016. Afleiðingin var sú að um áramótin 2017 lækkaði innflutt snakk í verði um 22-43%. Innlenda framleiðslan fékk vissulega harðari samkeppni, en ekki verður annað séð en að fyrirtækið eina sé enn í blómlegum rekstri. Eftir afnám tollsins hafa frumkvöðlar meira að segja sett á stofn nýtt snakkfyrirtæki, sem framleiðir flögur úr íslenskum kartöflum við góðan orðstír.

Í ljósi þess að hæsti verndartollurinn í íslenzku tollskránni verndar ekkert lengur, hvorki innlenda kartöfluframleiðslu né eina innlenda iðnfyrirtækið sem framleiddi franskar kartöflur, hvetur FA matvælaráðherra og fjármálaráðherra eindregið til að beita sér fyrir því strax og Alþingi kemur saman í haust að tollurinn verði felldur úr gildi. Hægt er að hafa ýmsar skoðanir á réttmæti þess að neytendum sé sendur reikningurinn fyrir vernd íslenzkrar landbúnaðarframleiðslu, en það er með engu móti hægt að réttlæta að þeim sé sendur himinhár reikningur fyrir því sem ekkert er.

Stjórnvöld hljóta auk þess að telja það skyldu sína, á tímum er verðbólga er í sögulegum hæðum, að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að lækka verð á neyzluvörum. Afnáms tolls á franskar kartöflur er augljós leið til þess.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Samrit: Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra